

Ed.

60. Framvarp

til laga um löggilding verzlunarstaða.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Á Hánefsstaðaeyrum við Seyðisfjörð og í Gunnólfsvík við Finnaþfjörð, hvorutveggja í N.-Múlasýslu, skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar á Hánefsstaðaeyrum skulu vera Sörla-

staðaá að vestan og Gullsteinseyri að austan, 300 metrar á land upp frá flóðmáli.

3. gr.

Löggilding verzlunarstaðarins í Gunnólfsvík kemur til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefir óskað eftir löggildingu verzlunarstaðar á Hanefsstaðaeyrnm og hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps eftir löggildingu verzlunarstaðar í Gunnólfsvík. Frv. er borið fram samkvæmt þeim óskum. Ef nefnd sú, er væntanlega fær frv. til athugunar, óskar, er flutningsm. reiðubúinn að gefa nánari upplýsingar eftir föngrn.